



Stúdentaráð Háskóla Íslands

25. október 2022

Yfirlýsing Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna endurskoðunar á lögum um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum um Menntasjóð námsmanna skal fara fram endurskoðun á tédum lögum innan þriggja ára frá því þau komu til framkvæmda og skulu niðurstöður endurskoðunarinnar kynntar á haustþingi 2023. Í bráðabirgðaákvæði þessu er ekki kveðið nánar á um hvernig endurskoðunin skuli fara fram. Stúdentaráð telur nauðsynlegt að endurskoðunin verði nýtt til hins ýtrasta og að kerfið í heild sinni verði tekið til ítarlegrar skoðunar. Þá leggur Stúdentaráð enn fremur áherslu á að samráð við stúdenta verði virkt í gegnum allt ferlið.

Við setningu laga nr. 60/2020 var gerð löngu tímabær endurskoðun á námslánakerfinu og gafst stjórnvöldum þar tækifæri til að byggja upp nýtt kerfi með hag stúdenta að leiðarljósi. Afgreiðsla frumvarpsins var hins vegar fljótfer, sérstaklega á lokametrunum, og því mörgu ábótavant í frumvarpi því er það varð að lögum, líkt og Stúdentaráð hefur margsinnis bent á í gegnum ferlið¹. Ljóst er að íslenskir stúdentar búa enn, í grundvallaratriðum, við ófullnægjandi stuðningskerfi². Önnur endurskoðun á námslánakerfinu er því nýtt tækifæri fyrir stjórnvöld til þess að gera þarfar breytingar til þess að sjóðurinn uppfylli lögbundið hlutverk sitt sem félagslegur jöfnunarsjóður.

Stúdentaráð ítrekar mikilvægi þess að fullt samráð verði haft við stúdenta á öllum stigum og á hverjum þeim vettvangi sem endurskoðun þessi mun fara fram á. Stúdentaráð bindur vonir sínar við að kröfur stúdenta í tengslum við endurskoðun á lögum um Menntasjóð námsmanna hljóti þann hljómgrunn sem þörf er á, enda eru stúdentar stærstu hagsmunaaðilar námslánakerfisins eins og það leggur sig. Hvers konar breytingar á kerfinu verður að gera með hag þeirra sem falla undir lögin fyrir brjósti.

Að lokum leggur Stúdentaráð sérstaka áherslu á að við endurskoðunina verði þau áhrif sem nýju lögin hafa haft sérstaklega kortlögð og að fyrstu tölur og gögn um námslán frá Menntasjóðnum verði gerð opinber um leið og þau liggja fyrir.

¹ [Yfirlýsing Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna Menntasjóðs námsmanna, 10. júní 2020.](#)

² <https://student.is/frettir/studentar-eiga-betra-skilid>